

Sparnaðarlíftrygging P2

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- Lögum um opinber gjöld og skattlagningu

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Hugtaka- og orðaskilgreiningar

Félagið: Merkir Sjóvá líftryggingar hf.

Vátryggingartaki: Sá sem gert hefur samning við félagið.

Vátryggður: Sá sem tryggður er.

Iðrunarréttur: Vátryggður hefur 30 daga frest til að segja vátryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði vátryggingunni sagt upp innan þess tíma ber vátryggðum að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var vátryggður.

Maki: Í skilmálum þessum er með orðinu maki átt við þann aðila sem vátryggður er með í hjúskap eða staðfestri samvist. Þetta orð tekur ekki til sambúðarmaka.

Rétthafi: Hver sá sem á kröfu um greiðslu bóta.

Samningur: Er það samkomulag sem gert er milli félagsins og vátryggingartaka um vátrygginguna.

Uppgreidd vátrygging: Vátrygging þar sem iðgjaldagreiðslum er hætt áður en samningstíma er lokið en vátryggingu ekki sagt upp. Í uppgreiddri vátryggingu er tekið af sparnaði til að greiða iðgjald líftryggingar og kostnað við vátrygginguna. Vátryggingin fellur úr gildi þegar sparnaður nægir ekki til greiðslu á iðgjaldi líftryggingar og kostnaði. Iðgjaldatrygging gildir ekki í uppgreiddri vátryggingu.

Sjóður: Er safn þeirra fjárfestinga sem byggja á einni skilgreindri fjárfestingarstefnu.

Einingar: Sjóði er skipt í einingar sem segir til um skiptingu á eignum sjóðsins.

Sparnaður: Er verðmæti eininga sem skráðar eru á nafn hins vátryggða á sjóðum félagsins.

Sparnaðariðgjald: Sá hluti iðgjalda Sparnaðarlíftryggingarinnar sem gengur til kaupa á einingum í sjóðum félagsins.

Gengi: Er mælikvarði á verðmæti eininga í sjóðum félagsins.

Efnisyfirlit

1. gr.	Grundvöllur samnings og gildistími.....	3
2. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu	3
3. gr.	Ráðstöfun iðgjalda.....	3
4. gr.	Færsla eininga milli sjóða.....	4
5. gr.	Útborgun sparnaðar að liðnum samningstíma.....	4
6. gr.	Bótasvið vátryggingarinnar - Dánarbætur.....	4
7. gr.	Verðbreytingar.....	4
8. gr.	Rétthafi bóta.....	4
9. gr.	Reglur um breytingar á forsendum vátryggingarinnar	4
10. gr.	Veðsetning	4
11. gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum	5
12. gr.	Útborgun sparnaðar áður en samningstíma lýkur	5
13. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	5
14. gr.	Takmörkun á ábyrgð félagsins	5
15. gr.	Fyrning	5
16. gr.	Ágreiningur.....	5
17. gr.	Varnarþing.....	5
18. gr.	Þagnarskylda - Vernd persónuupplýsinga.....	6
Iðgjaldatrygging 6		
1. gr.	Bótasvið og vátryggingarfjárhæð.....	6
2. gr.	Gildissvæði.....	6
3. gr.	Áhættubreyting.....	6
4. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	7
5. gr.	Takmörkun á bótaskyldu	7
6. gr.	Ráðstafanir vegna heilsutjóns	7
7. gr.	Upphaf og lok bótagreiðslna.....	7
8. gr.	Önnur ákvæði.....	8

1. gr. Grundvöllur samnings og gildistími

Samningur um váttrygginguna er gerður samkvæmt skriflegum upplýsingum sem váttryggingartaki eða váttryggður hafa gefið á sérstöku eyðublaði (váttryggingarbeiðni) ásamt öðrum hugsanlegum yfirlýsingum og gögnum. Gögn þessi eru óaðskiljanlegur hluti samningsins. Félagið áskilur sér rétt til þess að krefjast nýrra gagna, þar á meðal heilsufarsupplýsinga, við breytingar á váttryggingunni.

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur mótttekið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að gefa út skírteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat. Gildistími váttryggingarinnar er skráður á skírteinið.

2. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Iðgjaldið

Iðgjöld váttryggingarinnar greiðast með reglubundnum hætti eins og um er getið í váttryggingarskírteininu. Iðgjöld skulu greiðast með þeim hætti sem váttryggingarumsókn kveður á um, nema samið sé um annað fyrirkomulag síðar.

Fjárhæð iðgjaldagreiðslna kemur fram á váttryggingarskírteininu og árlegum yfirlitum. Fjárhæð iðgjaldagreiðslna breytist einu sinni á ári, 1. janúar, í sama hlutfalli og vísitala.

Vanskil

Berist iðgjaldagreiðsla sem félagið hefur gert kröfu um ekki innan 30

daga frá gjalddaga samkvæmt greiðslusamkomulagi gilda eftirfarandi ákvæði:

- Ef sparnaður hefur myndast breytist váttryggingin í uppgreidda váttryggingu samkvæmt skilgreiningu.
- Ef enginn sparnaður hefur myndast gilda ákvæði XIV. kafla laga nr. 30/2004. Félagið getur sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Réttur til að endurvekja líftryggingu án nýrra heilsufarsupplýsinga

Hafi váttryggingin verið í gildi í eitt ár hið skemmsta og ábyrgð félagsins fallið niður vegna vanskila, er heimilt samkvæmt 97. gr. laga nr. 30/2004 að endurvekja váttrygginguna sem hreina áhættulíftryggingu án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef vangoldið iðgjald er greitt innan þriggja mánaða frá því að 14 daga greiðslufrestur samkvæmt ítrekun rann út.

Uppgjör ef samningi er slitið á váttryggingartímabilinu

Sé váttryggingarsamningnum slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar váttryggingaraburður hefur orðið á váttryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar. Félagið endurgreiðir þó ekki iðgjald fyrstu þriggja mánaðanna frá útgáfu váttryggingarinnar.

3. gr. Ráðstöfun iðgjalda

Við útgáfu skírteinis ákveður váttryggður hvernig sparnaðariðgjald hans skiptist milli sjóða félagsins.

Váttryggður getur breytt þessari ákvörðun sinni hvenær sem er gagnvart þeim iðgjaldagreiðslum sem gjaldfalla eftir að skrifleg tilkynning um breytingu hefur borist félaginu.

Hafi váttryggður ekki tilkynnt félaginu um það hvernig hann vill ráðstafa sparnaðariðgjaldi sínu er félaginu heimilt að velja sjóði skv. reglum félagsins þar um.

Áður en einingar eru keyptar er kostnaður vegna váttrygginga og rekstrargjalda dreginn frá iðgjöldum samkvæmt fyrirliggjandi gjaldskrá félagsins.

Einingar eru að jafnaði keyptar á gjalddaga og aldrei síðar en innan fimmtán virkra daga frá honum. Berist greiðsla eftir gjalddaga fara einingakaup fram á næsta kaupdegi, en einingakaupdagar eru að jafnaði einu sinni í mánuði. Fjöldi keyptra eininga í hverjum sjóði ræðst af gengi þeirra á kaupdegi.

Einingar sem tengjast sparnaði og tilgreindar eru á árlegum yfirlitum eru eign sjóða félagsins. Um útborgun sparnaðar gilda ákvæði 5. og 6. gr.

4. gr. Færsla eininga milli sjóða

Vátryggður getur hvenær sem er færð einingar úr einum sjóði í annan að uppfylltu skilyrði um lágmarksfjárhæðir. Slík yfirfærsla fer fram á næsta kaupdegi eftir að skrifleg beiðni um það hefur borist félaginu. Réttur þessi gildir ekki um uppgreiddar vátryggingar. Við færslu milli sjóða er gjald tekið af sparnaði hins tryggða, skv. gjaldskrá félagsins.

5. gr. Útborgun sparnaðar að liðnum samningstíma

Að liðnum samningstíma og ef vátryggður er á lífi getur hann valið milli eftirfarandi:

- Fá sparnað sinn greiddan í einu lagi. Sparnaðurinn er jafn verðgildi eininga á greiðsludegi.
- Framlengja samninginn með áframhaldandi reglubundnum iðgjaldagreiðslum. Samningurinn verður þó ekki framlengdur með líftryggingu lengur en til loka þess vátryggingarárs þegar vátryggður nær 70 ára aldri.
- Framlengja samninginn með eða án líftryggingar án frekari iðgjaldagreiðslna.

6. gr. Bótasvið vátryggingarinnar - Dánarbætur

Félagið greiðir réttthafa bætur ef líftryggður deyr á gildistíma vátryggingarinnar. Dánarbætur greiðast út með eingreiðslu til réttthafa líftryggingarfjárhæðarinnar við andlát hins vátryggða.

Dánarbætur eru sú fjárhæð sem hærri er á dánardegi; líftryggingarfjárhæðin eða fjárhæð sparnaðar hins vátryggða í sjóðum félagsins.

Dánarbætur falla í gjalddaga 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því, þar á meðal dánarvottorð frá lækni. Við greiðslu ber að afhenda skírteini vátryggingarinnar áritað af réttthafa.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

7. gr. Verðbreytingar

Gildandi líftryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingarskírteininu og árlegum yfirlitum. Líftryggingarfjárhæðin breytist einu sinni á ári, 1. janúar, í sama hlutfall og vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

8. gr. Réttthafi bóta

Um rétt til greiðslu dánarbóta fer samkvæmt reglum XV. kafla laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki/vátryggður ekki tilnefnt réttthafa dánarbóta gilda reglur 100. gr. laga nr. 30/2004. Rennur vátryggingarfjárhæðin þá til maka vátryggðs. Með orðinu maki, skv. lögum nr. 30/2004, er ekki átt við sambúðarmaka. Láti vátryggður ekki eftir sig maka fellur vátryggingarfjárhæðin til erfingja vátryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

Óski vátryggingartaki eftir því að vátryggingarfjárhæðin verði greidd til tiltekinna nafngreindra einstaklinga eða annarra réttthafa er nauðsynlegt að semja um slíkt við félagið. Upplýsingar um tilnefningu réttthafa eru skráðar í vátryggingarskírteinið.

9. gr. Reglur um breytingar á forsendum vátryggingarinnar

Verði verulegar breytingar á forsendum vátryggingarinnar, skilmálum eða iðgjaldagrundvelli, svo sem dánarlíkum, örorkulíkum eða forsendum um gjalddöku, áskilur félagið sér rétt til að gera nauðsynlegar breytingar. Slíkar breytingar yrðu lagðar fyrir Fjármálaeftirlitið áður en þær tækju gildi.

Ef félagið telur að á einhverjum tíma ríki þær aðstæður að nauðsynlegt sé vegna heildarhagsmuna vátryggðra, er félaginu heimilt að fresta útborgun sparnaðar samkvæmt 4., 5. og 6. gr. í allt að 12 mánuði.

10. gr. Veðsetning

Vátryggingarskírteinið er ekki unnt að veðsetja án undanfarandi samþykkis félagsins.

11. gr. Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

- ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
- ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

Vátryggingartaki getur slitið samningnum hvenær sem er, sbr. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004. Uppsögn skal vera skrifleg.

12. gr. Útborgun sparnaðar áður en samningstíma lýkur

Ef vátryggður segir upp samningi um vátrygginguna getur hann fengið sparnað sinn útborgaðan í einu lagi. Sparnaðurinn er greiddur út eins fljótt og auðið er. Félagið áskilur sér allt að 30 daga frest til útgreiðslu sparnaðar frá því tilkynning um uppsögn samnings berst félaginu.

Kostnaður við útborgun á fyrstu 5 árum samningstímans er sem nemur 2 mánaðargreiðslum. Eftir það og fram að 10. ári samningstímans er kostnaðurinn 1 mánaðargreiðsla en enginn eftir það.

13. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki eða líftryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki eða líftryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

14. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins

Svipti vátryggður sig lífi innan árs frá því að líftryggingin síðast öðlaðist gildi takmarkast dánarbætur við verðgildi sparnaðar.

Vátryggingin bætir ekki tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.

15. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr vátryggingu þessari fynast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

16. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

17. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

18. gr. Þagnarskylda - Vernd persónuupplýsinga

Farið er með upplýsingar um váttrygginguna sem trúnaðarmál.

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Iðgjaldatrygging

Iðgjaldatrygging er sérstök váttrygging sem hægt er að kaupa sem viðbót við Sparnaðarlíftryggingu gegn aukagjaldi. Ákvæðin hér á eftir gilda ef Iðgjaldatrygging er hluti Sparnaðarlíftryggingarinnar.

1. gr. Bótasvið og váttryggingarfjárhæð

Félagið greiðir bætur við skerðingu á starfsorku af völdum sjúkdóms eða slyss sem varir samfelld lengur en sex mánuði. Réttur til bóta stofnast ef fæni hins váttryggða til að afla tekna skerðist um 2/3 eða meira af óskertri starfsorku. Komi til greiðslu bóta skal félagið ráðstafa þeim óskertum til greiðslu iðgjalds Sparnaðarlíftryggingarinnar.

Ef váttryggður stundar ekki launuð störf og hefur getið þess á váttryggingarbeiðni eða tilkynnt það félaginu samkvæmt ákvæði um áhættubreytingu öðlast hann bótarétt samkvæmt váttryggingu þessari ef hann er ófær um að sinna fjórum af eftirtöldum verkum hjálparlaust:

- klæðast
- þvo sér og baða
- sjá um matseld
- matast
- annast þrif og þvotta
- annast innkaup

Bótafjárhæðin er jöfn reglubundnum iðgjaldagreiðslum að frádregnu iðgjaldi Iðgjaldatryggingarinnar, samkvæmt samningi um Sparnaðarlíftrygginguna.

2. gr. Gildissvæði

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Ef váttryggður dvelst erlendis í meira en þrettán vikur samfelld skal það tilkynnt félaginu sem tekur ákvörðun um hvort og þá með hvaða skilmálum váttryggingin getur gilt áfram.

3. gr. Áhættubreyting

Iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað á grundvelli upplýsinga á váttryggingarbeiðni um starf váttryggða, en starfsheitis er getið á váttryggingarskírteininu.

Sérhverja breytingu á starfi er varðar áhættu félagsins, þar með talin starfslok, ber að tilkynna tafarlaust til félagsins.

Hefði félagið tekið á sig váttrygginguna, en með öðrum kjörum, reiknast nýtt iðgjald fyrir hana frá og með næsta gjaldþaga. Hefði félagið ekki tekið á sig váttrygginguna fellur hún niður frá þeim degi er áhættubreytingin varð. Láti váttryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu gildir ákvæði 88. gr. laga nr. 30/2004. Það þýðir að bótagreiðslur gætu fallið niður eða orðið lægri en váttryggingafjárhæð skírteinis segir til um, enda hefði félagið hafnað váttryggingu eða veitt álag á iðgjald hefði því verið kunnugt um hið nýja starf.

4. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

5. gr. Takmörkun á bótaskyldu

Váttryggingin tekur ekki til skerðingar á starfsorku váttryggða, ef hún stafar beint eða óbeint af völdum:

- stríðs, óeirða, uppþota eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna
- hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira
- ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði
- sjúkdóms sem rekja má til neyslu lyfja, áfengis eða annarra ávana- eða fíkniefna
- slyss eða sjúkdóms, sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi nema félagið hafi vitað um það við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.

Önnur takmörkun bótaskyldu

Váttryggingin tekur ekki til skerðingar á starfsorku sem er afleiðing af þátttöku váttryggða í:

- hnefaleikum, drekaflugi, akstursíþróttum, svifflugi, fallhlífarstökki eða teygjustökki
- flugi nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda
- fjallaklifri, bjargsigi, froskköfun eða öðru sem sambærileg áhætta fylgir.

6. gr. Ráðstafanir vegna heilsutjóns

Váttryggður skal leita læknis strax eftir að heilsutjón hefur borið að höndum, samþykkja að gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í einu og öllu að fyrirmælum læknis.

Félagið hefur rétt til að láta ráðgjafalækni sinn skoða váttryggðan. Tilkynna skal félaginu um heilsutjón án tafar eftir að hann leitaði sér fyrst læknis vegna heilsubrestsins.

Félagið hefur hvenær sem er rétt til þess að krefjast allra þeirra vottorða og gagna sem það telur nauðsynlegt til að sannreyna bótaskyldu sína samkvæmt iðgjaldatryggingunni. Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða sem eru nauðsynleg til afgreiðslu málsins að mati félagsins.

7. gr. Upphaf og lok bótagreiðslna

Bótagreiðslur hefjast hafi váttryggður verið óvinnufær vegna heilsutjóns eins og segir í skilmálum þessum, óslitið biðtímann sem er sex mánuðir. Biðtími er það tímabil sem á að líða áður en bótagreiðslur hefjast. Hann telst hefjast frá þeim degi er váttryggður leitaði fyrst til læknis vegna heilsutjónsins, þó eigi fyrr en þremur mánuðum áður en félaginu barst tilkynning um heilsutjónið.

Ákvörðun félagsins um lengd bótatímabils er tekin með hliðsjón af heilsufarsskýrslu læknis vátryggða svo og umsögn ráðgjafalæknis félagsins ef þurfa þykir. Að því tímabili loknu verður ákveðið hvort greiðslum skuli haldið áfram.

Ef talið er að vátryggður sé vinnufær, en hann hefur ekki störf að nýju, skal fara fram nýtt mat á skerðingu starfsorkunnar. Slíkt mat miðast fyrst og fremst við að áætla möguleika vátryggða á að snúa aftur til sama starfs og hann hafði áður eða hugsanlega annars starfs. Ef talið er að vátryggður geti ekki snúið aftur til sama starfs, heldur aðeins til annars starfs, mun félagið taka tillit til hins nýja starfs í mati sínu á því hvort bótagreiðslum skuli hætt eða ekki. Við mat á möguleikum vátryggða til að takast á hendur annað starf skal miða við starf sem eðlilegt má telja að hann takist á hendur miðað við aldur hans, menntun og verkunnáttu. Bótagreiðslum er haldið áfram þangað til úr ofangreindu hefur verið skorið, t.d. að lokinni þjálfun til annars starfs. Bótagreiðslum lýkur í síðasta lagi á þeim degi sem skráður er sem lokadagur bótagreiðslna á vátryggingarskírteinið eða ef vátryggður:

- snýr aftur til þess starfs sem hann hafði áður eða til annars starfs og tekst þannig að vinna fyrir meira en þriðjungi af fyrri tekjum
- hefur fengið þjálfun til annars starfs, þar sem honum tekst að vinna fyrir meira en þriðjungi af fyrri tekjum
- deyr áður en bótatíma lýkur eða
- þegar skerðing á starfsorku skv. skilmálum þessum er ekki nægileg og hann snýr ekki aftur til fyrra starfs eða hafnar að undirgangast viðeigandi þjálfun til annars starfs eða nýtur ekki opinbers örorkulífeyris sem samsvarar því að færni hans til að vinna fyrir sér hafi skerst, a.m.k. um tvo þriðju hluta.

Skerðist starfsorka vátryggða á ný vegna sams konar heilsutjóns og áður hafði leitt til greiðslu bóta úr vátryggingu þessari áður en þrettán vikur eru liðnar frá því að bætur féllu niður vegna sýnilegs bata vátryggða, hefjast bótagreiðslur á ný þegar í stað án tillits til biðtíma.

8. gr. Önnur ákvæði

Um vátrygginguna gilda að öðru leyti framangreindir skilmálar fyrir Sparnaðarlíftryggingu, eftir því sem við á.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006

[Efst á skjal](#)